

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 105/1993.

**Sigurður Vignir Matthíasson**

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

gegn

**Guðmundi Guðjónssyni og**

**Sjóvá – Almennum tryggingum hf.**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabætur. Bifreiðar. Ábyrgð á dýrum. Búfjárræktarlög.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Af hálfu áfrýjanda var máli þessu skotið til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1993. Áfrýjandi varð fjárráða eftir útgáfu áfrýjunarstefnu og fer sjálfur með mál sitt fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 480.000 krónur ásamt dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987 frá 30. janúar 1992 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær kröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Til vara er krafist, „að sök verði skipt og bætur lækkaðar mjög verulega“. Stefndu krefjast og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

### **I.**

Ekki er deilt um í málinu, að tjón áfrýjanda hlaust af notkun bifreiðar stefnda Guðmundar Guðjónssonar. Hvíler skaðabótaábyrgð því á honum eftir 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Málsaðilar leggja til grundvallar, að orsök þess, að hestur áfrýjanda slapp úr sérstöku hólfi, hafi verið sú, að hlið á girðingunni hafi verið skilið eftir opið. Ekki er ljóst, hvers vegna svo var, en ekkert hefur komið fram um, að áfrýjandi hafi átt þar hlut að máli. Verður því ekki fallist á það álit héraðsdómara, að meta verði áfrýjanda það til gáleysis, að hesturinn komst úr hólfinu, sbr. 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Fyrir umferðarslysið var hestur áfrýjanda í vörslum Félags búfjáreigenda á Eyrarbakka, en félagið hafði samningsbundin afnot af beitarlandi á tilteknum jörðum í eigu Eyrarbyggahrepps. Var hesturinn í hagagöngu hjá félaginu. Eftir málgögnum verður að leggja til grundvallar, að tengsl áfrýjanda og félagsins hafi ekki verið með þeim hætti, að hann verði að þola skerðingu eða brottfall bótaréttar á hendur stefnda Guðmundi vegna atvika, sem félagið kann að bera ábyrgð á. Þarf því hvorki að skera úr um, hvort rekja megi brottlaup hests áfrýjanda til vangæslu vörslumanna né þess, að félagið hafi haldið hrossum til beitar í andstöðu við ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 425/1985 um búfjárhald á Eyrarbakka.

Í búfjárræktarlögum nr. 31/1973, sem í gildi voru á þeim tíma, er hér um ræðir, voru lagðar ríkari skyldur á eigendur stóðhesta en búfjáreigendur almennt, sbr. einkum 31. gr. og 33. gr. laganna. Lagaákvæði þessi styðjast m. a. við þau rök, að af stóðhestum stafi meiri hætta en almennt gerist um búfé. Ekki verður talið, að orsök þess, að hestur áfrýjanda varð fyrir bifreið stefnda Guðmundar, tengist þeirri sérstöku hættu, sem fylgir því að halda stóðhesta. Atvik í þessu máli gefa því ekki tilefni til að láta bótaákvæði 33. gr. laga nr. 31/1973 hafa áhrif, þegar metið er, hvort telja beri áfrýjanda meðábyrgan.

Þegar litið er til þess, sem nú var rakið, þykja ekki vera rök til þess að skipta ábyrgð á tjóni áfrýjanda.

## II.

Samkvæmt ofangreindu ber að dæma stefnda Guðmund Guðjónsson bótaskyldan vegna tjóns áfrýjanda og taka til greina bótakröfu hans, að fjárhæð 480.000 krónur, ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er greiðsluskyldur samkvæmt 91. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 97. gr. sömu laga. Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjanda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

## D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðmundur Guðjónsson og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði áfrýjanda, Sigurði Vigni Matthíassyni, óskipt

480.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. janúar 1992 til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 350.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. janúar 1993.**

Mál þetta, sem dómtekið var 18. febrúar sl., hefur Matthías Sigurðsson f. h. ófjárráða sonar síns, Sigurðar Vignis Matthíassonar, kt. 170776-3059, Dvergabakka 24, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 24. mars 1992, á hendur Guðmundi Guðjónssyni, kt. 240942-4299, Túngötu 58, Eyrarbakka, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu á 480.000 kr. ásamt dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað [...]. Til vara krefjast stefndu þess, að sök verði skipt og bætur lækkaðar mjög verulega, en málskostnaður dæmdur eins og í aðalkröfu.

#### I.

##### *Málavextir.*

Málavextir eru þeir, að 18. október 1990 um kl. 20.50 ók Guðbjörg Kristín Víglundsdóttir bifreið stefnda Guðmundar eftir Eyrarbyggavegi. Er Guðbjörg nálgadist Álfsstétt, fann hún högg koma á bifreiðina, og sá hún hross við hana, sem hljóp síðan á brott. Daginn eftir fannst graðhesturinn Gassi, eign stefnanda, dauður skammt frá, og er óumdeilt í málinu, að það hafi verið hestur sá, er varð fyrir bifreið stefnda. Stefnandi kveðst hafa haft hestinn á fimmta vetur í hagagöngu í sérstakri girðingu fyrir unga stóðhesta við Eyrarbakka á vegum hestamannafélagsins þar. Af einhverjum sökum var hesturinn utan girðingar þetta kvöld.

##### *Málsástæður stefnanda.*

Stefnandi heldur því fram, að dauði hestsins hafi verið afleiðing ákeyslu bifreiðar stefnda á hestinn, og beri stefndi Guðmundur skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda sem skráður eigandi bifreiðarinnar R-36643. Bifreið stefnda Guðmundar hafi verið ábyrgðartryggð hjá stefnda Sjóvá-Almennum hf., og beri þessum stefnda að bæta stefnanda tjón hans sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar. Dómkrafan 480.000 kr. miðast við niðurstöðu dómkvaddra matsmanna.

---

*Málsástæður stefndu.*

Því er mótmælt, að tilvitnuð lagaákvæði stefnanda eigi við um dauða hestsins.

Í reglugerð um búfjárhald á Eyrarbakka nr. 425/1985, sem sett sé samkvæmt heimild í 1. gr. 1. um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum nr. 44/1964, sé svo kveðið á í C-lið 1. gr., að búfé (sem leyfi hafi fengist fyrir að halda) skuli ávallt vera í öruggri vörslu búfjáreigenda. Þeir (búfjáreigendur) beri fulla bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem búfé þeirra kunni að valda. Sérstakt áréttingarákvæði um ábyrgð sé í 6. gr. reglugerðarinnar og taki afstöðu um, til hvers konar tjóns ábyrgðin nái. Í 31. og 33. gr. 1. nr. 31/1973, sem enn séu að þessu leyti í gildi, sé kveðið á um, að óheimilt sé að láta stóðhesta ganga lausa í heimahögum og afrétti, og valdi stóðhestur tjóni á eigum annarra en eiganda, sé eigandi skaðabótaskyldur.

Upphaflega studdu stefndu sýknukröfu sína þeim rökum, að þegar atvik það varð, sem sé tilefni málsóknarinnar, hafi lostið saman tveimur tegundum hlutlægrar ábyrgðar og þó einni betur, hlutlægrri ábyrgð samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og hlutlægrri ábyrgð samkvæmt reglugerð nr. 425/1985 og 31. og 33. gr. 1. nr. 31/1973. Reglur séu ekki í settum lögum um, hvernig með skuli fara, þegar tveimur ólíkum tegundum hlutlægrar ábyrgðar ljósti saman á þann hátt, sem hér um ræði. Benda megi þó á 89. gr. umferðarlaga til túlkunar því, hvernig með skuli fara, það sé, að tjónið skiptist að tiltölu við sök hvors aðila. Til stuðnings þessu sé bent á dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 483/1989, dags. 26. 2. 1990.

Við munnlegan málflutning kvaðst talsmaður stefnda falla frá þeirri málsástæðu, að ákvæði reglugerðar nr. 425/1985 valdi því, að búfé almennt hafi verið undir hlutlægrri ábyrgð, og kvað málsástæðuna breytast þannig, að það hafi verið verulegt gáleysi hjá eiganda og gæslumanni hestsins, að hann slapp út, og valdi það lækkun eða niðurfellingu skv. 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Hestsins Gassa hafi ekki verið betur gætt en svo, að hann slapp úr girðingu. Hljóti full ábyrgð af því að falla á eiganda eða staðgöngumenn hans. Enga sök sé hægt að finna hjá stjórnanda bifreiðarinnar R-36643 umrætt sinn. Mjög hægt hafi verið ekið vegna þess, að bifreiðarstjórinn hugðist beygja inn á Álfsstétt. Þess sé að geta, að skuggsýnt hafi verið, skýjað og rigning.

Einnig sé hugsanlegt að fara með tilvikið að hætti þeirrar reglu siglingalaga, sem birtist í 160. gr. þeirra, þ. e., að hvor aðili beri skaða sinn sjálfur, sem leiði hér til sömu niðurstöðu.

*Niðurstaða.*

Ekki er ágreiningur um málsatvik, að því er varðar sjálfan áreksturinn, eða um matsverð hestsins og matskostnað.

Reglugerð nr. 425/1985 tekur ekki til tilviks þess, sem hér um ræðir, þar sem atvikið varð utan þéttbýlis, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, sbr. og 1. gr., sbr. 3. gr. l. nr. 44/1964.

Í 31. gr. l. nr. 31/1973 kemur hins vegar skýrt fram, að óheimilt sé að láta stóðhesta ganga lausa í heimahögum og á afrétti, en óumdeilt er í máli þessu, að hestur stefnanda var stóðhestur. Liggur ekki fyrir, að undanþága hafi verið veitt til lausagöngu stóðhesta á svæðinu á þessum tíma.

Það liggur fyrir, að hestur stefnanda var hafður í girðingu í svokölluðu aðhaldi, þ. e. á vegi, sem afmarkaðist af skurði á báðar hliðar, en girt þvert yfir hann milli skurða. Var hlið á girðingunni, sem haft var lokað, og kom fram í framburði vitnisins Þóris Steindórssonar fyrir dómi, að lokunarbúnaður hefði verið öruggur og jafnvel betri en gengur og gerist. Er ágreiningslaust með aðilum, að hlið þetta var opið, þegar hesturinn slapp út, en því er haldið fram af hálfu stefnanda, að gæslumaður hafi gengið frá því lokuðu, og sé ekki vitað, hver hafi opnað það.

Það, að hliðið var opið, enda þótt óviðkomandi aðili kunni að hafa átt þar hlut að máli, er á ábyrgð stefnanda, og verður að meta honum það til gáleysis, að hesturinn slapp út.

Eins og áður greinir, var því mótmælt af hálfu stefnanda við munnlegan málf lutning sem of seint fram komnu, að stefndi gæti stutt kröfur sínar um lækkun eða niðurfellingu bóta við 3. mgr. 88. gr. l. nr. 50/1987. Er ekki fallist á þessi andmæli, þar sem þessi málsástæða þykir felast í málatilbúnaði stefndu í greinargerð.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram við munnlegan málf lutning, að tjónið yrði rakið til ógætilegs aksturs bifreiðar stefnda. Var þeirri málsástæðu mótmælt af hálfu stefnda sem of seint fram kominni. Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að málsástæða þessi væri ekki of seint fram komin, þar sem um hefði verið að ræða eðlileg andsvör við málatilbúnaði stefndu. Má fallast á það með stefnanda, að málsástæða þessi komi til álíta.

Samkvæmt lögregluskýrslu var orðið dimmt, þegar slysið varð, skýjað og rigning. Ökumaður bifreiðar stefnda, Guðbjörg Kristín Gunnarsdóttir, kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að hún hefði verið á lítilli ferð, enda að nalgast Álfstétt, sem hún hugðist beygja inn á. Hún skýrði enn fremur svo frá, að hún hefði mætt bifreið, og er hún var farin fram hjá, hefði högg komið á vinstra framhorn bifreiðarinnar. Hún kvaðst hafa staðnæmst og farið út úr

bifreiðinni. Hafi hún þá séð hest hlaupa í burtu. Þessum framburði ökumanns hefur ekki verið andmælt sérstaklega, og ber að leggja hann til grundvallar um málsatvik, enda ekki annað upplýst í málinu.

Með hliðsjón af framangreindum málsatvikum þykir ósannað með öllu, að slysið verði rakið til ógætilegs aksturs ökumanns bifreiðarinnar.

Samkvæmt framansögðu þykir stefnandi bera alla ábyrgð á tjóni sínu, svo að fella ber niður bætur til hans úr hendi stefndu, sbr. 3. mgr. 88. gr. 1. nr. 50/1987.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðmundur Guðjónsson, Túngötu 58, Eyrarbakka, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Matthíasar Sigurðssonar v/Sigurðar Vignis Matthíassonar, Dvergabakka 24, Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---